

L Ö G23
23. júní

um

kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Sáttanefndarmenn og varasáttanefndarmenn í Reykjavík skulu kosnir
af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, þá er lög þessi öðlast gildi,
með hlutfallskosningu og til 3 ára í senn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar
10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.